

## Vinnustofa - Kynheilbrigði II

### ***Hverjum er vinnustofan ætluð?***

Vinnustofan er ætluð fagfólki og stuðningsfulltrúum í sérdeildum/námsverum/starfsbrautum sem sinna þjálfun og kennslu barna með þroskafrávik. Forsenda er að 2/3 hluti þátttakenda hafi setið námskeiðið Kynheilbrigði – hagnýtar kennsluaðferðir sem nýtast börnum og unglingum með þroskafrávik eða Kynheilbrigði I.

### ***Hámarksfjöldi þátttakenda***

Samkomulag

### ***Lýsing***

Fyrri vinnustofan byggist á að kortleggja kynfræðslu í sérdeildinni/starfsbrautinni út frá þeim nemendahópi sem þar er. Skoða hvaða verkefni geti nýst og hvaða þáttum þarf að huga að gagnvart nemendum í tengslum við fræðsluna. Vinnustofan byggist á að setja upp áætlun og prófa verkefnin.

Seinni vinnustofa er haldin þremur mánuðum síðar og byggist á kennari/stuðningsfulltrúi kynni áætlun frá fyrri degi helstu áskoranir og hindranir og rætt um næstu skref. Innifalið í vinnustofunni er sérútbúið hefti með myndum og hugmyndum að kennsluefni.

### ***Markmið***

- efla færni til að skipuleggja kynfræðslu út frá mismunandi þörfum nemenda
- velja verkefni í samræmi við þarfir, getu og skilning nemanda
- að geta miðlað þekkingu til foreldra og samstarfsaðila
- að geta leiðbeint samstarfsaðilum um þætti sem tengjast kynhegðun einstakra nemenda

### ***Fyrirkomulag***

Hægt er að óska eftir að fá vinnustofuna á vinnustaðinn. Kennt er í tvö skipti með þriggja mánaða millibili. Kennt er fyrri daginn frá 13:00-16:00 og þann seinni frá 13:00-15:00, alls 7 kennslustundir.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir um útfærslu og verð á [fraedsla@greining.is](mailto:fraedsla@greining.is).

### ***Umsjón***

María Jónsdóttir félagsráðgjafi